

129

2. gr.

3. nív. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47 1932, um lækningaleyfi o. fl.,
öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 3. nóvember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

130

9. nív.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

139. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sá, er öðlast vill löggildingu sem rafvirki við háspennuveitur, verður að:

1. Fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti 6 mánaða verklega reynslu við háspennuvirki; eða
2. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. lið 138. gr., enda hafi hann auk þess að minnsta kosti eins árs reynslu við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans um háspennuvirki, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, sem það tekur gild; eða
3. hafa fengið sveinsbréf í rafvélavirkjun, enda hafi hann að prófefni haft verk við háspennuvirki, og hafa auk þess unnið að minnsta kosti í 4 ár við raflagnavirkjun og rafvélavirkjun við góðan orðstír. Af þeim tíma hafi hann verið eigi skemur en 2 ár við háspennuvirki. Rafmagnseftirlitið lætur halda próf um kunnáttu hans, hafi hann ekki önnur kunnáttuvottorð, er það tekur gild.

Þessi 3. töluliður fellur úr gildi 1. júní 1958.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. nóvember 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.